


Nettengd Biblía fyrir börn kynnir



Upphaf kirkjunnar



Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: Janie Forest
Aðlagað af: Ruth Klassen
Alastair Paterson
Þýðandi: Práinn Kristjánsson
Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

BFC
PO Box 3
Winnipeg, MB R3C 2G1
Canada

©2020 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,
en ekki selja.



Eftir dauða Jesú, voru fylgjendur hans miður sín, og drógu sig í hlé. Er Jesús birtist þeim eftir upprisuna, vissu þeir að hann var lifandi! En - nú mundi hann fara aftur til himnaríkis, þar sem hann hafði alltaf átt heima hjá Guði, föður sínum.





Áður en
hann fór,
lofaði
Jesús að
senda
Heilagan

Anda þeim til
huggunar og hjálpar.


(Jóhannes 15:26). Tíminn var
í nánd! Síðan fór Jesús heim til
himnaríkis, og nokkrum dögum síðar kom
Heilagur Andi, eins og Jesús hafði lofað.



Svo skeði það, að um 120 af fylgjendum Jesú,
komu saman til bænahalds í húsi einu. Skyndilega
fylltist húsið af gný af himnum eins og óveður
hefði skolið á.




Eldtungur kvísluðust og settust á hvern þeirra.
Allir fylltust af heilögum anda, eins og Jesús hafði
sagt fyrir um.



Fylgjendur Jesú tóku nú að tala tungum sem þeir höfðu aldrei lært. Útlendingar á ferð í Jerúsalem hlustuðu á lærisveinana segja frá undursamlegum verkum Guðs á mörgum tungumálum. Þeir voru frá sér numdir af undrun.


"Hvað skyldi þetta tákna?"
Og sumir sögðu, "Fólkið er drukkið af víni."



Þá sagði Pétur, "Þessir menn eru ekki drukknir ... hér er að rætast það sem Jóel spáði fyrir um." Pétur síðan minnti þá á, að fyrir löngu síðan, hafði Guð lofað að senda Heilagan Anda til að blessa fólkið, og hjálpa því.



Þá sagði Pétur við fólkið, "Takið sinnaskiptum og látið skírast í nafni Jesú Krists, svo að þið öðlist fyrirgefningu syndanna og gjöf Heilags Anda." Um 3000 manns veittu orði hans viðtöku, tóku skírn, og gerðust þátttakendur í uppfræðslu postulanna. Með tímanum bættust fleiri og fleiri við kirkju Guðs, sem byrjaði með komu Heilags Anda.



Kraftur Guðs var að verki í lífum þeirra er trúðu á hann. Dag nokkurn var Péttri gengið upp í helgidóminn til síðdegisbæna. Þar sat maður við mustershliðið er hafði verið fatlaður frá fæðingu. Hann bað þá gefa sér peninga.





Þá sagði Pétur, "Silfur og gull á ég ekki, en það sem ég hef, gef ég þér. Í nafni Jesú Krists frá Nasaret, stattu upp og gangtu heill." Pétur tók í hægri hönd hans og reisti hann upp. Hann spratt upp, stóð í fæturna og gekk inn í musterið. Hann gekk um og stökk, og lofaði Guð.



Þeir sem urðu vitni að kraftaverkinu voru furðu lostnir. Pétur sagði það vera af krafti Guðs, en ekki hans eigin. Þegar Pétur minnti gyðingana á að Guð

hafði reist Jesú upp frá dauðum, reiddust yfirmenn musterisins, lögðu hendur á Pétur og Jóhannes, og settu þá í varðhald. En um 5000 manns tóku trú á Jesú.



Morguninn eftir, voru postularnir leiddir fram fyrir öldungaráðið og spurðir, "Með hvaða krafti, eða í nafni hvers gerðuð þið þetta?" Fylltur af Heilögum Anda, Pétur svaraði djarflega, "Í nafni Jesú Krists frá Nasaret, sem þið krossfestuð, sem Guð reisti frá dauðum, í nafni hans stendur þessi maður nú heilbrigður frammi fyrir ykkur."





Pétur hélt áfram óhræddur, "Ekki er hjálpræðið í neinum öðrum, og ekkert annað nafn er mönnum gefið um víða veröld sem getur frelsað okkur." Yfirmennirnir höfðu í hótunum við Pétur og Jóhannes og skipuðu þeim. "Héðan í frá megið þið alls ekki tala til fólksins í nafni Jesú."




Áður en Heilagur Andi kom, var Pétur hræddur



að viðurkenna
hollustu sína við
Jesú, en ekki
lengur. Pétur
og Jóhannes
svöruðu, "Dæmið
sjálfir hvort það
sé rétt í augum
Guðs, að hlýðnast
ykkur fremur en
honum. Við getum
ekki annað en
talað það sem við höfum
séð og heyrt."



Eftir að ógna þeim enn frekar, slepptu þeir Péttri og Jóhannesi. Þessir djörfu þjónar Guðs, eftir að segja vinum sínum frá, hófu raust sína til Guðs í bæn og þakkargjörð. Að loknu bænahaldi fylltust allir krafti hins Heilaga Anda og dýrkuðu Guð - og kirkjan unga fór vaxandi.



Upphaf kirkjunnar

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,


er að finna í

Postulasöggunni 1-4

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”


Sálmarnir 119:130





Endir

55



60



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur,
og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til eilífðar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig að koma nú inni líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

